

Ed.

107. Frumvarp

til laga um kenslu í mótórvjelfræði.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Við vjelfstjóráskólann í Reykjavík skal stofna sjerstaka deild, þar sem kend er mótórvjelfræði, munnleg og verkleg.

Stjórnarráðið ræður kennara eftir þörfum. Laun þeirra greiðast úr rikissjóði.

2. gr.

Til mótórvjelfstjóráprófs úrheimtist:

1. Í íslensku: Að geta gert ljettan stíl um alment efni; skrifað sæmilega og nokkurnveginn rjett.
3. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt ljettan kafla í danskri bók verkfræðilegs efnis.
3. Í mótórfæði: Þekking á hinum algengustu mótórum, sem notaðir eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra, hirðingu og stjórn. Þekking á sundurliðun mótora, hreinsun þeirra og samsetningu. Þekking á að lagfæra þá galla á mótórum, sem orsakast af notkun og sliti. Þekking á algengustu bilunum mótora, áhöldum þeirra og endurbótum. Þekking á hinum algengustu eldsneytistegundum, sem notaðar eru til mótora, hestafli þeirra og olíueyðslu.

4. Í reikningi: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum; að geta leyst ljettar líkingar með einni óþektri stærð og prósentureikning.
5. Í eðlisfræði: Þekking á lögum um loftkend efni, þrýstimælum, eðlisþyngd, hita og dreifing hans, útpenslu hluta við hita, hitamælum, bræðslu, eldsneyti og vjelaáburði.

3. gr.

Prófið er skriflegt, munnlegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, og eru í henni forstöðumaður vjelstjóraskólans og tveir menn aðrir, er stjórnarráðið skipar í hvert skifti, og skal fyrir prófinu standa sá nefndarmanna, er skipaður er oddviti.

Hinir skipuðu prófdómendur velja prófverkefni. Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarar dæma um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum tveim, sem tilnefndir eru af stjórnarráðinu.

4. gr.

Sá einn má ganga undir mótórvjelstjórapróf, sem:

1. Hefir stundað járnsmíði eða vjelsmíði eitt ár í þeim járnsmíðjum, er stjórnarráðið tekur gildar, eða á eigin ábyrgð hefir verið mótórvjelstjóri á mótorbát eitt ár, eða verið 2. vjelstjóri á bát yfir 12 lestir að stærð um jafnlangan tíma og áður greinir.
2. Sýnir læknisvottorð um að hann hafi enga líkamsgalla, sem haft geti áhrif á þessa framtíðarstarfsemi hans.
3. Er fullra 18 ára að aldri.

Sje sá, er undir próf vill ganga, eigi námssveinn vjelstjóraskólans, skal beiðni hans um að fá að ganga undir próf send forstöðumanni vjelstjóraskólans mánuði áður en prófið er haldið.

Auk áður nefndra vottorða skulu beiðninni fylgja skirnarvottorð umsækjanda og vottorð frá þeim manni eða mönnum, er kent hafa honum eitt-hvað, er að vjelfræði lýtur.

Hafi hann gengið undir mótórvjelstjórapróf áður, skal þess getið í umsókninni.

Sá, sem fengið hefir mótórvjelstjórapróf áður en lög þessi ganga í gildi, hefir rjett til að ganga undir próf samkvæmt lögum þessum, þótt hann fullnægi ekki í öllu skilyrðum þeirra.

5. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar, próf o. fl.

6. gr.

Þeim, sem prófi hafa náð, skal veitt skirteini um það. Skal þar telja þær kenslugreinar, sem hann hefir verið reyndur í, og tilgreina einkunn þá, sem gefin er, og jafnframt bæði hina lægstu, er krafist er til að standast prófið,

og hina hæstu, sem unt er að ná. Allir þeir prófnefndarmennirnir skulu undirrita prófskirteinið.

Nöfn þeirra, sem undir prófið ganga, skal rita í þar til gerða bók. Skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað, degi og ári, svo og frá einkunnum þeim, sem gefnar hafa verið við prófið.

7. gr.

Ákvæði annara laga, sem kynnu að koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr gildi numin.